

REGLUGERÐ

3
3. marz

um

sölu áfengis til verklegra nota, suðuvökva o. fl., sett samkvæmt lögum nr. 64 og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

Í reglugerð þessari tákna „áfengi til verklegra nota“ hverskonar vínanda eða áfengisvökva, blandaðan eða óblandaðan, sem notaður er til iðnþarfa, þar með talinn gljávökvi (pólítur), ilmvoðn, andlitsvoðn, hárvötn og aðrir slíkir vökvar, ennfremur allar tegundir hökunardropa. Er þetta áfengi ýmist fullmengað, hálfmengað eða ómengað.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins ein má flytja inn alla þá vökva, sem taldir eru í 1. gr., og í er áfengi yfir 2½% að rúmmáli.

3. gr.

Fullmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með 0,5% af pyridinbösnum og 2% af óhreinsuðum trjávínanda er í sé a. m. k. 65% af methylalkohol og a. m. k. 10% af acetone. Forstöðumenn Áfengisverzlunarinnar og efnarannsóknarstofunnar sjá um að mengunin sé eins og segir í reglugerð þessari.

4. gr.

Hálfmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með efnum, sem fremur auðvelt er að ná úr vínandanum aftur, eða mengaður þannig, að vínandinn verður ekki með öllu talinn óhæfur til drykkjar. Þar til telst til dæmis að taka, vínandi mengaður með 0,5% terpentíolíu, eða 0,5% af bergamotolíu, eða með 5,5% af skellakki.

Vínandi mengast þannig með skellakki: Í hverja 100 lítra af vínanda skal blanda 20 lítrum af skellakksupplausn, sem búin er til úr 2 hlutum vínanda og einum hluta skellakks.

Til vissra iðnþarfa má, ef þurfa þykir, menga vínandann með öðrum efnum en framantöldum, eftir því sem nefndir forstöðumenn telja gerlegt.

Þær tegundir kjarna (essens), sem notaðar eru til brjóstsykurgerðar, konfektgerðar og saftgerðar og í eru yfir 2¼% áfengis, er iðnfyrirtækjum þeim, sem á þessu þurfa að halda, heimilt að útvega, en þó með þeim fyrirvara, að þeir fái áritað samþykki Áfengisverzlunar ríkisins, eða útbússtjóra hennar á frumreikninga vöru þessarar í hvert sinn. Ríkisstjórnin getur hvenær sem er tekið í sínar hendur innflutning og heildsölu þessara vökva.

3

3. marz

5. gr.

Áfengi til verklegra nota má láta af hendi:

- a. Til smíða, aðallega til fægingar og gljáningar.
- b. Til gosdrykkjagerðar, brjóstsýkursgerðar og annars þvilíks.
- c. Til efnarannsókna, vísindarannsókna og náttúrugripasafna.
- d. Til prentmyndagerðar.
- e. Til gerfilimagerðar.
- f. Til snyrtingar og hreinlætis, ilmvötn, andlitsvötn og hárvötn og aðra slíka vökva.
- g. Til bókunar.
- h. Til eldsneytis.

Um áfengisbeiðnir til annara iðnþarfa fer eftir niðurlagi 7. gr.

6. gr.

Vinanda (æthylalkohol) má ekki afhenda til notkunar á áttavita.

7. gr.

Hver sem þarf að fá ómengaðan spiritus eða skellakksspiritús til verklegra nota, skal snúa sér skriflega til forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins. Skal hann láta fylgja beiðni sinni vottorð frá hlutaðeigandi hreppstjóra og sóknarpresti sínum, ef áfengisbeiðandi á heima í hreppi, ella frá lögreglustjóra og sóknarpresti, um það, að beiðanda sé trúandi til að nota áfengið einungis til iðnar sinnar, en ekki til neyzlu eða drykkjar. Þegar forstjóri Áfengisverzlunarinnar hefir gengið úr skugga um að beiðandi þurfi áfengi til verklegra nota og hversu mikið, ritar hann nafn iðnaðarfyrirtækisins, iðnað mannsins eða verkvisindastofnunarinnar í sérstaka bók, og hversu mikið og hvers konar áfengi hlutaðeigandi megi fá. Eigi gildir heimildin í hvert sinn nema til næsta nýárs. Skal forstöðumaðurinn fara í þessu efni eftir bréfi stjórnarráðsins til lögreglustjóranna frá 14. jan. 1918 (Stj.tíð. 1918 B, bls. 1) og þeim fyrirmælum stjórnarráðsins, er síðar kunna að verða gefin.

Sé um óvenjulega áfengisbeiðni að ræða, eða meira en telja má sennilegt að áfengisbeiðandi þurfi til iðnar sinnar eða rannsókna, ber forstöðumanni að gera stjórnarráðinu aðvart, er leggur fullnaðarúrskurð á, að hve miklu leyti skal sinna slíkri beiðni.

8. gr.

Áfengisverzlunin ein lætur af hendi það áfengi er um ræðir í 5. gr. a.—e. í reglugerð þessari, og skal forstöðumaður gæta þess vandlega að ekki sé meira afhent en leyfilegt er samkvæmt 7. gr. Hvert áfengisilát, sem afhent er, skal merkt með nafni seljandans og tegundarheiti áfengisins.

9. gr.

Forstjóri Áfengisverzlunar skal í byrjun hvers árs senda ráðuneytinu skýrslu um öll áfengisútlát, samkv. 7. gr. Skýrslu þessa lætur ráðuneytið síðan

birta á prenti fyrir lok febrúarmánaðar sama ár, þannig að tilgreint sé greinilega nafn hvers þess, er áfengi hefir fengið samkvæmt þessari reglugerð undanfarið ár, og hve mikið að lítratali. Ennfremur sé ráðuneytinu send skýrsla um heildsölu á bökunardropum og hverskonar ilmvötnum. 3
3. marz

10. gr.

Ilmvötn, andlitsvötn, hárvötn og aðra slíka vökva selur Áfengisverzlunin einungis lyfjabúðum, kaupmönnum, kaupfélögum og þeim sem reka rakara- eða hárgreiðslustarfsemi. Skal Áfengisverzlunin setja smásöluverð á vöru þessa og gæta þess, að verðið fari að jafnaði eigi fram úr verði því, sem verið hefir á samskonar vörum hér á markaðnum undanfarið, en síðan gefur hún $33\frac{1}{3}\%$ heildsöluafslátt frá þessu verði, enda sé varan greidd við móttöku. Þegar senda þarf vöru þessa í fjarlæga verzlunarstaði greiðir Áfengisverzlunin flutningsgjaldið, en kaupendur greiða umbúðir og póströfugjald, ef um það er að ræða.

Bökunardropa selur Áfengisverzlunin lyfjabúðum, kaupmönnum og kaupfélögum og þeim sem bökunariðn stunda með kostnaðarverði að viðbættri heildsöluálagningu, sem eigi fari fram úr 10% , enda greiði kaupendur vöruna við móttöku og beri umbúða- og flutningskostnað.

Nú æskir einhver kaupa á meiri fyrirferð á vörum þeim, sem um ræðir í þessari grein, en líkur eru til að með þurfi til þess, að fullnægja eðlilegum þörfum, og getur þá forstjóri Áfengisverzlunarinar dregið úr slíkum pöntunum svo sem honum þykir hæfilegt, en tilkynna skal hann ráðuneytinu það í hvert skipti.

11. gr.

Einstaklingum og fyrirtækjum, þar með taldar lyfjabúðir, er óheimilt að setja saman vörur þær sem um ræðir í reglugerð þessari, sé í þeim áfengi yfir $2\frac{1}{4}\%$ að rúmmáli.

12. gr.

Suðuvínandi skal vera fullmengaður (samkv. 3. gr.) og má hver verzlun selja hann eftir þessum reglum:

Innanbæjar- og innankaupþúnsmönnum má ekki selja meira í einu en $\frac{3}{4}$ lítra og öðrum ekki meira en 2 lítra.

Þar sem sérstaklega stendur á, svo sem um skip, sem eiga langa leið fyrir höndum, má selja meira en að ofan greinir.

13. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og 69 frá 1928.

14. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 10. marz 1930 og er þá úr gildi felld reglu-

3 gerð nr. 78 frá 21. nóvember 1928 um sölu áfengis til verklegra nota, suðu-
3. marz vökva o. fl.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. marz 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

4

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Kristjáns Jónssonar lækni, árið 1929.

Tekjur:

	Kr.	Kr.
Eftirstöðvar frá fyrra ári:		
Hlutabréf í Íslandsbanka, nafnverð	10.000.00	
3 Ræktunarsjóðsbréf, hvert @ kr. 1000.00	3.000.00	
Peninga í innlánsbók í Íslandsbanka	708.89	
	—————	13.708.89
Vextir:		
af innlögum í Íslandsbanka	32.97	
af Ræktunarsjóðsbréfum	165.00	
	—————	197.97
		—————
		Kr. 13.906.86

Gjöld:

	Kr.	Kr.
Eftirstöðvar til næsta árs:		
Hlutabréf í Íslandsbanka, nafnverð	10.000.00	
3 Ræktunarsjóðsbréf, hvert @ kr. 1000.00	3.000.00	
Peningar í innlánsbók í Íslandsbanka	906.86	
	—————	13.906.86
		—————
		Kr. 13.906.86

Reykjavík, 10. febrúar 1930.

Jón Helgason.

Sigurjón Jónsson.

Sig. Magnússon.